

Alþingi, nefndasvið
Stjórnskipunar- og eftirlitssvið
Hildur Edwald, nefndarritari

Reykjavík, 7. janúar 2022

Umsögn um þingskjal 169 – 167. mál, tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Rannís þakkar fyrir tækifæri til að leggja inn umsögn um breytta skipan ráðuneyta og vill koma á framfæri eftirfarandi atriðum sem lúta annars vegar að hlutverki ráðuneytisins og hins vegar að stöðu stofnunarinnar í breyttu stjórnskipulagi.

Rannís tekur undir mikilvægi þess að sett sé á stofn nýtt ráðuneyti þekkingar með áherslu á samstarf vísindasamfélagsins við nýsköpun í atvinnulífinu, sem takist á við mikilvægar áskoranir, ekki síst þar sem þekking sem byggir á rannsóknum og vísindum og hagnýtingu hugvits í þágu samfélagsins liggur til grundvallar. Allar hagtölur benda til þess að atvinnugreinar sem byggja á þessum þáttum hafi aukið vægi sitt á undanförnum árum. Það er því mikilvægt að umfjöllun um þessa málaflokka sem hér um ræðir, vísindi, rannsóknir og nýsköpun, fái aukna athygli með markvissri stefnumótun og stjórnsýslu sem leiðir til aukins vaxtar, verðmætasköpunar og velsældar í samfélaginu.

Mikilvægt er að nýtt ráðuneyti fái heiti sem nái yfir breitt málefnasvið þess. Er það mat Rannís að vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti nái vel utan um það. Einnig gæti komið vel út að nota þekkingar- og iðnaðarráðuneyti, þar sem þekking nær yfir vísindi, rannsóknir og nýsköpun sem mikilvægustu hluta þekkingarsamfélagsins.


Rannís er ein lykilstofnanna sem falla undir nýtt ráðuneyti og vill leggja áherslu á að áfram verði stutt ötullega við það mikilvæga hlutverk sem stofnunin gegnir í íslensku þekkingarsamfélagi. Hlutverk Rannís er að treysta stoðir íslensks samfélags með stuðningi við rannsóknir, nýsköpun, menntun og menningu. Rannís styður við þekkingarsamfélagið með rekstri samkeppnissjóða á öllum málefnasviðum stofnunarinnar, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum, auk þess sem Rannís greinir og kynnir áhrif rannsókna, menntunar og menningar á þjóðarhag og veitir faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu.

Hlutverk Rannís hefur á undanförunum 20 árum breyst mikið, en stofnunin vinnur m.a. að verkefnum fyrir sex ráðuneyti og endurspeglar það mikilvægi málaflokkanna sem Rannís sinnir, sem spanna öll svið vísinda, nýsköpunar, menntunar og menningar. Sem dæmi má nefna, að umfang rannsókna og nýsköpunar í landinu var tæplega 73 ma. kr. árið 2020 og þar af hefur Rannís umsjón með um 20 ma. kr., sem er opinbert fé til að stuðla að og hvetja til markvissrar þekkingaruppbyggingar. Þarna eru ekki talin með framlög til alþjóðlegra stofnana sem hvetja til alþjóðlegs samstarfs um rannsóknir og nýsköpun, en umtalsvert fjármagn kemur árlega til Íslands í gegnum evrópskt og norrænt samstarf. Þar gegnir Rannís mikilvægu hlutverki í að hvetja til og aðstoða við að koma á alþjóðlegu samstarfi og er árangur íslenskra aðila í alþjóðlegu samstarfi eftirtektarverður.

Breytt skipun ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og hlutverk Rannís við framkvæmd opinberrar stefnu á sviði vísinda og nýsköpunar fyrir nýtt ráðuneyti, veitir tækifæri til að endurskoða lög 3/2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir, sem eru lagalegur grundvöllur stofnunarinnar. Telur Rannís slíka endurskoðun aðkallandi í ljósi breytts hlutverks og ekki síður breytts umhverfis málaflokksins með tilkomu nýs þekkingarráðuneytis.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er lögð áhersla á rannsóknir og nýsköpun og hefur Rannís von um farsælt samstarf við nýtt ráðuneyti á komandi árum.

Virðingarfyllt



Hallgrímur Jónásson,
Forstöðumaður Rannís